

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Pórir Dan Jónsson.

RANNSÓNARÆTLUN FYRIR FISKIHVERFI STAÐARÁR  
OG HAGAVATNS:

Borgarnesi, mars 1983

Veiðimálastofnunin  
Vesturlandsdeild  
Borgarnesi.

Pórir Dan Jónsson.

### Rannsóknaráætlun fyrir fiskihverfi Staðarár og Hagavatns.

#### INNGANGUR.

Á vatnsvæði Staðarár og Hagavatns er alla ferskvatnsfiska Íslands að finna, þ.e. lax, urriða, bleikju, hornsíli og ál.

Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á sjóbirtingi og sjóbleikju hér á landi. T.d. er ekkert vitað um stofnstærðir, veiðiálag eða göngur fiskanna eftir að í ferskvatn er komið.

Samkeppni um fæðu og pláss er mikil meðal laxfiskanna og hefur laxinn oft betur í þeirri viðureign, séu viss skilyrði uppfyllt (m.a. hitastig og straumhraði). Reynslan hefur sýnt að víða þar sem laxaseiði hafa verið sett í ár hefur sjávargengnum silungi fækkað verulega.

Með seiðasleppingum, fyrst og fremst í Hagavatn, er unnt að auka laxagengd í Staðará, en slikt gæti hinsvegar haft afdrifaríkar afleiðingar á sjóbirting og sjóbleikju ef þau alast upp í Hagavatni. Ef sjóbirtingur elst aðallega upp í Vallá og sjóbleikja í Barnalæk ætti sjógengnum silungi hinsvegar ekki að stafa mikil hætta af laxaseiðasleppingum í Hagavatn.

Skýrsla sem gerð var um frumrannsóknir 1979 fylgir hér með til frekari glöggvunar.

#### MARKMIÐ.

Markmið rannsóknanna er að meta stofnstærð silungs og lax, veiðiálag, endurheimtur laxaseiða og silungs úr sjó. Samanburður á stangarveiði og netaveiði verður einnig gerður. Hugsanlega tekur tekur stangarveiði hlutfallslega meira af ókynþroska fiski en netaveiðin. Slikt getur í sumum tilfellum verið hættulegt fiskstofni, eins og sjóbirtingi og sjóbleikju, þar sem fiskarnir ganga mörgum sinnum til sjávar áður en heira má kynþroska.

Hugsanlega dvelst sjóbirtingur lengi í Hagavatni á uppvaxtarskeiði sínu og væru það þá mistök að reyna að grisja urriðann, sem e.t.v. gengi síðar til sjávar vegna mikils þéttleika í Hagavatni og þarfleidandi fæðuskorts. Með merkingum í Hagavatni má komast að því hvort urriði sem er "staðbundinn" fari síðar í sjó.

## FRAMKVÆMD RANNSÓKNA.

Að minnsta kosti níu gildrur þarf að staðsetja í eftirfarandi ám og lækjum. Vallá, Sellæk, Netá, Barnalæk, Alftavatnslæk og fjórum öðrum lækjum er renna í Vatnsflóann. Meðfylgjandi grein "A lightweight portable fishtrap for use in small lawland rivers" fjallar um gildru sem líklega yrði sett í nokkra lækina, en í öðrum yrði bogagildra (sjá "Veiðigildrur til notkunar í ám og vötnum" eftir Jón Kristjánsson bls. 13). A gildrunum yrðu þó gerðar þær breytingar þannig að þær veiddu í báðar áttir.

Í Hagavatni, og hugsanlega í Vatnsflóanum yrði notuð Kílinót sjá grein "Forsøksfiske med kilenot etter röye i Iesjavre 1971".

Í Staðará kemur einna helst til greina að nota skágildru eins og talað er um á bls 8 í fyrrnefndu hefti eftir Jón Kristjánsson.

Allur fiskur sem í gildrurnar gengi yrði lengdarmældur og merktur og síðan sleppt aftur.

Í helstu lækjum og ám yrði rafveitt og seiðin merkt með uggaklipingu.

Árangur merkinga kæmi að hluta til í ljós strax á rannsóknartímabilinu, en annað svo sem merkingar á seiðum og "stæðbundnum urriða" í Hagavatni gæfi ekki upplýsingar fyrr en að nokkrum árum liðnum.

### Rannsóknartímabil.

Vor. Skágildran verður að vera komin niður í Staðará áður en fiskgöngur til sjávar eru verulega hafnar. Niðurgöngufiskur yrði merktur.

Sumar. Allar gildrur í notkun, en búast má við því að flestar þurfi litla umsjón nema skágildran í Staðará, en þar verður fylgst með laxi. Ennfremur yrði þá silungur í Hagavatni merktur og sömuleiðis yrði rafveitt í ám og lækjum og seiði uggaklippt.

Haust. Allar gildrur í notkun og fylgst grannt með öllum göngum fisksins á vatnasvæðinu. M.a. ættu þá að koma í ljós endurheimtur sjávargengins silungs.

Forsenda þessara rannsókna er sú að nákvæmar veiðiskýrslur, bæði stangar- og netaveiðiskýrslur séu færðar.

## KOSTNAÐUR.

Rannsóknirnar yrðu framkvæmdar af stúdentum frá Háskóla Íslands. Tíminn í útivinnu er áætlaður 3 mánuðir. Kostnaður yrði þá sem hér segir og er þá miðað við verölag 1/3 1983.

Laun í 3 mán. samkv 12 launafllokki B.S.R.B. 2.prepi .12728 x3	...38184 kr.
10 ferðir Reykjavík-Staðarsveit-Reykjavík	500 x 10..... 5000 "
9 gildrur á kr.2500 stk. ....	22500 "
1 skágildra á 12000 kr.stk. ....	12000 "
1 gildra(kílinót) á 12000 kr.stk. ....	12000 "
uppihald í 90 daga á 810 kr. sólarhring. ....	72900 "

Samtals kostnaður.

162.584 kr.

## EFTIRMÁLI.

Kostnaður vegna gildrugerðar er töluverður, en á móti kemur að þær geta enzt í fjölda ára. Ef allt gengur að óskum og veiðiréttareigendur eru sammála tvisí að rannsóknir haldi áfram er mjög líklegt að Háskóli Íslands hefði áhuga á að láta stúdenta halda áfram rannsóknum.

